

Um embættisafgreiðslur Heilbrigðiseftirlitsins.

1. Með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998 felur heilbrigðisnefnd framkvæmdastjóra og eftir atvikum heilbrigðisfulltrúum eftirfarandi embættisafgreiðslur:
 - 1.1. Útgáfa eftirfarandi starfsleyfa:
 - 1.1.1. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit með síðari breytingum, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Þegar athugasemdir berast við drög að starfsleyfi skal framkvæmdastjóri leggja málið í hendur formanns sem ákveður hvort eigi að leggja þær fyrir heilbrigðisnefnd til afgreiðslu eða hvort framkvæmdastjóri afgreiði starfsleyfið eftir sem áður.
 - 1.1.2. Starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja í samræmi við 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
 - 1.1.3. Starfsleyfi fyrir hönd nefndarinnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og -ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli með síðari breytingum og ganga að fullu frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir starfsleyfi er að fullu mætt.
 - 1.1.4. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út leyfi til smásölu á tóbaki fyrir hönd nefndarinnar skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og ganga frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir sölu tóbaks er að fullu mætt.
 - 1.2. Heilbrigðisfulltrúar sjá um að gefa sýslumanni umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði skv. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum.
 - 1.3. Heilbrigðisfulltrúum er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar.
 - 1.4. Framkvæmdastjóri sér jafnframt um að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnnum sem og samþykktir sveitarfélaga skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
2. Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 1.1.1-1.1.4 til afgreiðslu heilbrigðisnefndar.
3. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu starfsmanna Heilbrigðiseftirlitsins skal framkvæmdastjóri vísa málinu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Um mál sem orka tvímælis, t.d. umsóknir um starfsleyfi þar sem skilyrðum er ekki að fullu mætt, en mál þola ekki bið, er framkvæmdastjóra falið að afgreiða mál að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar, svo framarlega sem þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Jafnframt er heimilt að leita samþykkis heilbrigðisnefndar með tölvupósti í einstaka málum ef tilefni er til. Ella skal kalla saman heilbrigðisnefndarfund.
4. Framangreindar afgreiðslur starfsmanna skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.